

20.3.2018

Til Nefndasviðs Alþingis

Ég, Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, sem er búsettur í Danmörku, óska hér með eftir því að það erindi sem birtist hér:

<https://postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/2213333/>

á einu blogga minna, verði mótttekið sem umsögn mín um þingmál, þ.e. sem umsögn um breytingartillögu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja); Þingskjal: 183-114. mál .

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, Ph.D.
Jelsbuen 1
2620 Albertslund
Danmark

Bréf til Alþingis vegna umskurðarbannstillögunnar

Það er afar áhugavert að lesa [bau bréf](#) sem háttvirtu Alþingi hafa þegar borist vegna tillögu nokkurra þingmanna til að banna umskurð drengja - og um leið gera foreldra þeirra að ótíndum glæpamönnum. Ég hef nú lesið þessi bréf. Ágæt bréf eru þarna inni á milli, en fyrir utan bréf frá samtökum gyðinga erlendis og þeirra sem þekkja til umskurðar, þá er þarna þunnur þrettánda frá öfgamönnum, kynlegum kvistum og sérvitringum. Mér þykir leitt að sjá slík bréf.

Mér þykir líka leitt að sjá að bréf hafi ekki borist frá gyðingum á Íslandi eða múslímum, en afstaða þeirra er hins vegar vel þekkt og ekki þarf að fara í grafgötur með þær. Réttur þeirra er tryggður. Á Íslandi er trúfrelsi. Tillaga fólksins sem eyðir tíma Alþingis með tillögu um umskurðarbann er fyrst og fremst árás á trúfrelsi og á aldagamla siði minnihlutahópa. Tillaga, sem ætlað er að banna umskurð drengja er í rauninni ekkert annað en lögbrot. Réttur til umskurðar er tryggður með trúfrelsi.

Þegar maður les skoðanir margra Íslendinga um þetta mál verður manni fljótlega ljóst að fordómar og kynþáttahatur ræður ferðinni hjá mjög mörgu fólki í þessari umræðu um bannið. Það er í raun meira áhyggjuefni en trúarlegur umskurður að mínu mati.

Nú skulu nefnd þrjú dæmi um furðulegustu bréfin sem send hafa verið Alþingi í þeim tilgangi að hafa áhrif á störf löggjafavaldsins í landinu.

1) Eitt bréfanna er frá **Gísla Gissurarsyni**, lesið [bréf hans](#) til Alþingis. Sami maður hefur skrifað um gyðinga á veraldarvefnum og kallað þá "sub-Humans", sem er ensk þýðing á því sem nasistar kölluðu *Untermenschen* og áttu þeir m.a. við gyðinga er þar orðskrípi var notað. Gísli Gissurason hefur algjörlega dæmt sig úr leik og bréf hans til Alþingis er móðgun við öll frelsisgildi sem Íslendingar hafa ákveðið að fylgja (sjá frekar [hér](#)).

2) Annar bréfitari er **Jacob Sysser**, sem skrifar [bréf til Alþingis](#) sem höfðaði greinilega svo til eins þingmanns pírata, Jóns Þórs Ólafssonar, að hann birti það á FB sinni (MYND). Sysser sem ættaður er frá Rússlandi, en búsettur í Riga og Helsinki, og er ekki gyðingur. Hann hefur heillast af jiddísku sem hann hefur lært og sótt námskeið í, en fyrir utan það eru sambönd hans við söfnuði gyðinga engin. Þegar hann skrifar Alþingi, mætti á orðalaginu halda að hann væri erindreki frjálslýndra gyðinga, en hann talar í raun einvörðungu fyrir sjálfan sig.

Yaron Nadbornik formaður gyðingasamfélagsins í Finnlandi hefur tjáð mér að Sysser sé ekki þekktur í neinum söfnuði gyðinga í Finnlandi, enda sé þar enginn svokallaður frjálslýndur söfnuður.



Yaron Nadbornik, formaður gyðingasamfélagsins í Finnlandi telur fráleitt að Sysser tali fyrir hönd gyðinga. Sysser er að hans sögn ekki meðlimur safnaða eða samtaka gyðinga í Finnlandi.

Jacob Sysser er hins vegar þekktur fyrir að vera deilugjarn og þrætugjarn á FB síðum manna sem fjalla um jiddísk málefni - en hann hefur engin sambönd við gyðinga og talar ekki fyrir hönd þeirra. Þess má geta að frjálsslyndur söfnuðir gyðinga í Danmörku og Svíðþjóð styðja nær heils hugar umskurð. Jacob Sysser er einvörðungu að rita sína persónulegu skoðanir sem koma gyðingum ekkert við. En íslenskir þingmenn hoppa strax á skoðanir hans og telja hann vera umboðsmann frjálsslyndra gyðinga. Þetta sýnir á hvaða stigi umræðan er. Þess ber að geta að Skoðun Syssters var birt [á Kjarnanum](#). Ritstjóra Kjarnans var boðin skoðun Syssters á ensku, en hafnaði henni. Hann tjáði þá Sysser að ef grein hans væri þýtt yfir á íslensku, yrði hún birt. Sysser hefur greinilega fundið einhvern sem gat þýtt yfir á íslensku. Þannig varð skoðun manns sem ekki er gyðingur að skoðun frjálsslyndra gyðinga um allan heim. Ekki er nú öll vitleysan eins.